

Tuto, cito et jucunde!

Læknablaðið 1915; 1: 61-2.

Steingrímur
Matthíasson
(1876-1948)



Steingrímur læknir Matthíasson var lipur penni. Í Læknablaðinu má finna fjölda greina eftir hann um margvísleg efni. Í aprílblaði fyrsta árgangsins 1915 er að finna þessar skemmtilegu leiðbeiningar um hvornig læknir á að búa sig í vitjanir svo gætt sé öryggis, flýtis og þæginda.

Sérhver kollega, sem um nokkur ár hefir þjónað læknisstörfum í voru strjálbygða og örðuga landi, mun finna til þess, hve ferðalög í misjöfnu veðri slíta manni út, engu síður en íverufötunum. Eg hefi oft fundið sáran til þess, hversu það er illa samrýmanlegt, að fást við áhyggjusamar operatiónir, og eiga svo að þeytast á illgengum jálkum í ófærð og kulda langar leiðir, og til lítils gagns oft og tíðum. Engin furða þó maður reyni að bollaleggja margt, til að gera hið óhjákvæmilega ferðalag þægilegra en það er.

Mikið öfundaði eg Þórð kollega í Rönne af mótör-hjólhesti, sem hann gat þeyst á í hendingskasti um Borgundarhólmi, þegar á lá og hann þurfti að flýta sér. – Því fátt er það við ferðalagið, sem ergir mig eins og tímaeyðslan, – að geta ekkert aðhafst annað en að stritast við að sitja á hestinum. Það er eitthvað annað, að geta í hvaða veðri sem er setið í járnbrautarvagni, eða ekið í lokuðum vagni (drosche), eins og sjálenskur læknir, sem eg eitt sinn víkarieraði fyrir. Þarna gat maður setið í makindum og lesið sig sprenglærðan á leiðinni, t. d. um meðferð sjúkdómsins (sem ekki veitti af á þeim tíma).

Vonandi fáum við áður en langt um líður bifreiðar víðsvegar um land, og verður það mikill tímasparnaður og þægindi. – Síðan eg eignaðist góðan hest, finn eg betur til þess en áður, hvílikur heilsuspillir það er, að sitja á húðarklárur, eins og oft er vant að setja undir lækna. (Góðir hestar eru svo óvíða til.) En einn hestur er ekki nóg, tvo hesta ætti hver læknir að eiga, sem ferðast mikið, annan klár hest og hinn veikring.

Það er vandi að búa sig vel. Þó gott sé veður þegar lagt er af stað, getur skjótlega breytt veður í lofti, og iðrast maður oft eftir að hafa búið sig oflítið, en ofmikið. – Þess vegna hefir reynslan kent mér, að hafa í töskunni Mývatns-hettu, sokka og vetlinga til vara í öllum vetrarferðum.

Lengi framan af fór eg illa í augunum. Það þarf sterk augu til að þola að riðið sé langt móti stormi eða úrkomu. Sumir fá höfuðverk og nevralgiae, en hvað mig snertir fékk eg stýrur í augun og gat ekki lesið á eftir. En þetta kemur aldrei fyrir síðan eg fékk hlífðargleraugun hjá Andrési kollega Fjeldsteð. Hann gaf mér gleraugun, svo eg veit ekki hvað þau kosta; en þau eru mesta þing. Sams konar gleraugu nota menn á bifreiðum og flugvélum. Mér finnast þau ómissandi, bæði í stormi og rigningu og líka í stórhrið.

Í stórhriðum nota eg ætíð Mývatns-hettuna, sem Gísli Pétursson læknir kendi mér að nota, og get eg ekki nóg samlega lofað það fat. Og þegar eg nú þar að auki hefi hlífðargleraugun hans Andrésar fyrir hettuopinun, þá líður mér vel, hver fjandinn sem gengur á. Sumir mundu halda, að glerin döggvist í hriðinni, en það er að eins fyrst í stað og þvert á móti sér maður skár en með því að rýna gleraugnalaus.

Bezta yfirhöfnin á hestbaki er léttur *waterproofjakki* (sem eg hef fengið Pál Stefánsson umboðssala til að útvega mér í Englandi, því “ei verður slíkt í búðum

tekið”– kostar kr. 28-40 eftir gæðum). Hvort sem er frost eða úrcoma eða þurrakuldi, þá reynist mér svona löguð flík ágætlega vel. Í afskaparigningum heldur þó jakkinn ekki vatni til lengdar, enda gagnar þá ekkert nema olíuföt frá hvirfli til ilja. Í þess konar veðri og krapahriðum tek eg úr töskuhorninu *vaxdúksvetlinga* og set á mig utanyfir venjulega vetlinga.

Fótakuldinn er mörgum slæmur. Bezta hefir mér gefist að hafa *háleista úr loðnu sítuðu lambskinni* innan vatnsstígvélanna. Þetta er ódýrt og hlýrra en þó stígvélin sjálf séu fóðruð loðskinni.

Fleira margt mætti um þetta skrifa, en það vil eg fela öðrum og býst eg við að margir kollegar hafi margt fleira upphugsað, sem oss öllum megi að gagni koma.

STEINGR. MATTHÍASSON.

Skopmyndin



Árni Kristinsson
hjartalæknir

Teikning: Sigurður V. Sigurjónsson.